HAFNARFJÖRÐUR

23. október 2018.



Fræðsluráð Hafnarfjarðar

**MINNISBLAÐ – Mönnun í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar, fyrirspurn - 1809341**

Minnisblað þetta er svar við fyrirspurn sem lögð var fram í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 19. september 2018 og hljóðar svo:

Lögð fram fyrirspurn
Sigurður Þ. Ragnarsson tekur til máls og leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Bæjarfulltrúi Miðflokksins leggur fram eftirfarandi fyrirspurnir.

1. Þekktur er landlægur mönnunarvandi réttindafólks í leik- og grunnskólum landsins. Athygli vekur að árið 2016 (nýrri tölur liggja ekki fyrir) var hlutfall leiðbeinenda í grunnskólum Hafnarfjarðar 8% á meðan hlutfallið var 3% í Kópavogi.
   Því er spurt.
   a) Hvernig sundurliðast heildarfjöldi grunnskólakennara og leiðbeinenda í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2018-2019 sundurliðað eftir skólum (bæði fjöldi og hlutfall). Hver er heildarfjöldi annars starfsfólks sundurliðað eftir skólum. Fram komi nemendafjöldi í hverjum skóla.
   b) Hversu margir sem annast kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar (grunnskólakennarar og leiðbeinendur) eru í hlutastarfi (1-49%) (50-74%) (75-99%)(100%)?
   c) Hve margir af starfandi leiðbeinendum innan grunnskóla Hafnarfjarðar hafa lokið háskólaprófi, sundurliðað eftir skólum (hlutfall og fjöldi)?
   d) Eru öll stöðugildi í grunnskólum bæjarins mönnuð? Vantar fólk?
   e) Hvað eru eða hyggjast fræðsluyfirvöld gera til að fjölga réttindafólki í grunnskólum bæjarins?

2. Í 9. gr. laga nr. 87/2008 segir í 2. tl. (lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla):

*Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.

Því er spurt.
   a) Hvernig sundurliðast heildarfjöldi leikskólakennara og annara starfsmanna í leikskólum Hafnarfjarðar (bæði fjöldi og hlutfall). Hver er heildarfjöldi uppeldismenntaðra starfsmenna (aðrir en leikskólakennarar).
   b) Hvað eru eða hyggjast fræðsluyfirvöld gera til að fjölga leikskólakennurum á leikskólum bæjarins svo lagaskylda sé uppfyllt [2/3]?
   c) Eru öll stöðugildi í leikskólum bæjarins mönnuð? Vantar fólk?

Ofangreindum spurningum er svarað í sömu röð og þær koma fyrir hér að ofan á næstu síðum.

**GRUNNSKÓLI**

**1.**

**a) Hvernig sundurliðast heildarfjöldi grunnskólakennara og leiðbeinenda í grunnskólum Hafnar-fjarðar skólaárið 2018-2019 sundurliðað eftir skólum (bæði fjöldi og hlutfall). Hver er heildarfjöldi annars starfsfólks sundurliðað eftir skólum. Fram komi nemendafjöldi í hverjum skóla.**

| | Starfsmenn skóla - Fjöldi | | | | | Starfsmenn skóla - Stöðugildi | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskólar Hfj. | nemendur | kenn. | leiðbein. | Aðrir | Samtals | kennarar | leiðbein. | Aðrir | Samtals |
| Áslandsskóli | 514 | 50 | 4 | 42 | **96** | 47 | 4 | 26 | **77** |
| Hraunvallaskóli | 796 | 63 | 18 | 74 | **155** | 60 | 18 | 46 | **124** |
| Hvaleyrarskóli | 415 | 48 | 3 | 39 | **90** | 46 | 3 | 25 | **74** |
| Lækjarskóli | 487 | 56 | 9 | 47 | **112** | 52 | 9 | 27 | **88** |
| Setbergsskóli | 424 | 40 | 7 | 46 | **93** | 37 | 6 | 28 | **71** |
| Skarðshlíðarskóli | 147 | 15 | 3 | 22 | **40** | 14 | 3 | 14 | **30** |
| Víðistaðaskóli | 706 | 61 | 19 | 63 | **143** | 58 | 18 | 40 | **115** |
| Öldutúnsskóli | 563 | 56 | 8 | 34 | **98** | 53 | 8 | 20 | **80** |
| Alls | **4.052** | **389** | **71** | **367** | **827** | **365** | **68** | **226** | **660** |
| | **prósentur** | **47,0%** | **8,6%** | **44,4%** | **100,0%** | **55,4%** | **10,4%** | **34,3%** | **100,0%** |

Til frekari skýringa:

- Í reitnum **kennarar** eru starfsmenn sem bera eftirtalin starfsheiti grunnskólakennarar, sérkennarar, umsjónakennarar, verkefnastjórar, náms- og starfsráðgjafar, deildarstjórar, aðstoðarskólastjórar og skólastjórar.
- Í reitnum **Aðrir** eru starfsmenn sem bera eftirtalin starfsheiti skólaliðar, stuðningsfulltrúar, frístundaleiðbeinendur, deildarstjórar, aðstoðarverkefnastjórar, umsjónarmenn fasteigna, skólaritari, þroskaþjálfar, bókasafns- og upplýsingafræðingar, félagsráðgjafar, starfsfólk í eldhúsi og matráður.

- Í þessum tölum eru þeir starfsmenn sem eru í námsleyfi, fæðingarorlofi, langtímaveikindum og launalausu leyfi taldir með í fjölda starfsmanna.
- Starfsmenn sem starfa í félagsmiðstöðum og íþróttamannvirkjum skóla eru taldir með í gögnunum (sem Aðrir starfsmenn).
- Þeir starfsmenn sem ekki eru taldir með eru tímavinnustarfsmenn, stundakennarar, starfsmenn skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu sem vinna í skólum (t.d. sálfræðingar) og hjúkrunarfræðingar.

Sé eingöngu skoðað hlutfall milli kennara og leiðbeinenda sem þeirra aðila sem sinna kennslu þá er þetta niðurstaðan:

| Stöðuhlutf. | kennarar | leiðbein. | |
|---|---|---|---|
| 1-49% staða | 11 | - | |
| 50-74% staða | 9 | 2 | |
| 75-99% staða | 20 | 4 | |
| 100% staða | 326 | 62 | |
| | **366** | **68** | **434** |
| | **84,3%** | **15,7%** | |

**b) Hversu margir sem annast kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar (grunnskólakennarar og leiðbeinendur) eru í hlutastarfi (1-49%) (50-74%) (75-99%)(100%)?**

| | | Fjöldi | | prósentur | |
|---|---|---|---|---|---|
| Hafnarfjörður | Stöðuhlutf. | kenn. | leiðbein. | kennarar | leiðbein. |
| | 1-49% staða | 24 | 0 | 6,2% | 0,0% |
| | 50-74% staða | 15 | 4 | 3,9% | 5,6% |
| | 75-99% staða | 24 | 5 | 6,2% | 7,0% |
| | 100% staða | 326 | 62 | 83,8% | 87,3% |
| | 460 | 389 | 71 | 100,0% | 100,0% |
| | **prósentur** | **84,6%** | **15,4%** | | |

**c) Hve margir af starfandi leiðbeinendum innan grunnskóla Hafnarfjarðar hafa lokið háskólaprófi, sundurliðað eftir skólum (hlutfall og fjöldi)?**

| | Leiðbeinendur - fjöldi | |
|---|---|---|
| **Grunnskólar Hfj.** | **Ekki hásk** | **hásk.próf** |
| Áslandsskóli | | 4 |
| Hraunvallaskóli | 5 | 13 |
| Hvaleyrarskóli | | 3 |
| Lækjarskóli | | 9 |
| Setbergsskóli | 2 | 5 |
| Skarðshlíðarskól | | 3 |
| Víðistaðaskóli | 1 | 18 |
| Öldutúnsskóli | | 8 |
| Alls | **8** | **63** |
| | **11,3%** | **88,7%** |

**d) Eru öll stöðugildi í grunnskólum bæjarins mönnuð? Vantar fólk?**

Eins og staðan er er ekki vitað til þess að kennsla hafi verið felld niður vegna kennaraskorts, þ.e. slíkt hefur verið leyst á tilfallandi hátt hafi vantað ráðningar í einhverjar stöður. En í reynd má segja að það skorti grunnskólakennara því verið sé að ráða leiðbeinendur án kennsluréttinda í störf kennara með viðeigandi undanþáguferli þetta skólaár. Leiðbeinendur eru ráðnir í eitt skólaár í senn. Eftir skólaárið hefst í ný ráðningarferli þar sem leitað er grunnskólakennara að nýju.

Talnasöfnun um grunnskólann: Haraldur Eggertsson
Upplýsingagjöf um grunnskólann: Vigfús Hallgrímsson

# LEIKSKÓLI

## 2

**a) Hvernig sundurliðast heildarfjöldi leikskólakennara og annara starfsmanna í leikskólum Hafnarfjarðar (bæði fjöldi og hlutfall). Hver er heildarfjöldi uppeldismenntaðra starfsmenna (aðrir en leikskólakennarar).**

| | Starfsmenn skóla - Fjöldi | | | | | Starfsmenn skóla - Stöður | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskólar Hfj. | börn | kennarar | önnur háskóla-menntun | Aðrir | Samtals | kennarar | önnur háskóla-menntun | Aðrir | Samtals |
| Hraunvallaleikskóli | 95 | 8 | 4 | 13 | **25** | 6 | 4 | 11 | **21** |
| Leikskólinn Arnarberg | 80 | 9 | 3 | 16 | **28** | 3 | 1 | 9 | **13** |
| Leikskólinn Álfaberg | 85 | 6 | 5 | 17 | **28** | 5 | 3 | 12 | **20** |
| Leikskólinn Álfasteinn | 77 | 3 | 11 | 13 | **27** | 3 | 9 | 10 | **22** |
| Leikskólinn Bjarkalundur | 84 | 7 | 11 | 15 | **33** | 7 | 6 | 10 | **23** |
| Leikskólinn Hlíðarendi | 85 | 6 | 5 | 15 | **26** | 2 | 4 | 11 | **17** |
| Leikskólinn Hlíðarberg | 105 | 11 | 5 | 21 | **37** | 6 | 2 | 10 | **18** |
| Leikskólinn Hvammur | 120 | 12 | 5 | 17 | **34** | 10 | 3 | 11 | **24** |
| Leikskólinn Hörðuvellir | 75 | 7 | 4 | 14 | **25** | 5 | 3 | 8 | **16** |
| Leikskólinn Norðurberg | 104 | 14 | 6 | 11 | **31** | 9 | 4 | 7 | **20** |
| Leikskólinn Smáralundur | 53 | 8 | 4 | 10 | **22** | 4 | 1 | 4 | **9** |
| Leikskólinn Stekkjarás | 170 | 15 | 12 | 24 | **51** | 13 | 10 | 16 | **39** |
| Leikskólinn Tjarnarás | 80 | 9 | 7 | 14 | **30** | 5 | 4 | 5 | **14** |
| Leikskólinn Vesturkot | 84 | 10 | 6 | 16 | **32** | 4 | 3 | 11 | **18** |
| Leikskólinn Víðivellir | 126 | 13 | 9 | 24 | **46** | 4 | 3 | 12 | **19** |
| Alls | **1.423** | **138** | **97** | **240** | **475** | **86** | **60** | **147** | **293** |
| | **prósentur** | **29%** | **20%** | **51%** | **100%** | **29%** | **20%** | **50%** | **100%** |

**b) Hvað eru eða hyggjast fræðsluyfirvöld gera til að fjölga leikskólakennurum á leikskólum bæjarins svo lagaskylda sé uppfyllt [2/3]?**

Núna bjóðum við upp á námssamninga annarsvegar fyrir ófaglærða starfsmenn leikskóla sem vilja stunda fjarnám í leikskólakennarafræðum á háskólastigi. Hins vegar faglærðir starfsmenn sem stunda viðurkennt framhaldsnám í leikskólakennarafræðum á hákskólastigi í fjarnámi samhliða starfi við leikskóla bæjarins. Núna eru 14 starfsmenn sem eru á námssamningi.

Á hverju ári eru stöður leikskólakennara auglýstar þar sem leiðbeinendur eru í stöðum leikskólakennara eins og ætlast er til samkvæmt lögum.

**c) Eru öll stöðugildi í leikskólum bæjarins mönnuð? Vantar fólk?**

Í dag vantar á tvo leikskóla samtals 7 stöðugildi.

Talnasöfnun um leikskólann: Haraldur Eggertsson
Upplýsingagjöf um leikskólann: Jenný D. Gunnarsdóttir

Virðingarfyllst,

Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri